



Starfslýsing göngunefndar

1. Nefndin heitir göngunefnd. Fjöldi fulltrúa í nefndinni er 5. Ákvörðun um breytingar á fjölda fulltrúa í nefndum þarf að liggja fyrir eigi síðar en 5. jan. ár hvert.
2. Nefndin starfar eftir starfslýsingu, sem stjórn félagsins setur í samráði við nefndarmenn. Gert er ráð fyrir að formaður yfirfari starfslýsingu með sínum nefndamönnum í upphafi hvernar haustannar. Starfsemin byggist einkum á 9. grein samþykta félagsins, en einnig á 5., 6. og 10. grein þeirra.
3. Á fyrsta fundi eftir aðalfund kýs nefndin sér formann, ritara og gjaldkera til eins árs. Formaður tilkynnir stjórn félagsins (ritara) um verkaskiptinguna að loknum fundi. Nefndir geta hvatt sér fleiri félag til aðstoðar þegar þeim þykir henta.
4. Hlutverk nefndarinnar er:
 - a) Að bjóða félagsmönnum upp á skipulagðar gönguferðir í Kjarnaskógi og/eða um önnur svæði á Akureyri eða í nágrenni yfir sumarið þ.e. júní, júlí og ágúst a.m.k. einu sinni í viku.
 - b) Að hvetja félag til að ganga í Boganum yfir veturinn.
 - c) Að hvetja félag til annarrar hreyfingar úti sem inni, jafnt að vetri sem sumri, eftir aðstæðum.
5. Nefndin hefur aðgang að skrifstofu EBAK til fundahalda. Stjórnarfundir og viðvera stjórnarmanna á skrifstofu njóta forgangs varðandi notkun hennar. Panta þarf tíma fyrir fundi og alla viðburði hjá starfsfólki, sem skrá þá í möppu í eldhúsi.
6. Þátttöku í öllum göngum á vegum nefndarinnar þarf að skrá. Upplýsingum skal skila til ritara félagsins fyrir hvern aðalfund.
7. Nefndin leitast við í störfum sínum að efla starfsemi félagsins á sínu sviði með þróun og nýbreytni. Hún og stjórn félagsins efna til viðhorfskannana meðal félagsmanna, þegar henta þykir, á þeirri afþreyingu og tómstundastarfi sem í boði er á hverjum tíma.
8. Formanni nefndarinnar ber að sjá til þess að skriflegum gögnum hennar sé haldið til haga og að stjórn félagsins berist reglulega fundargerðir og skýrslur um starfsemina. Gögnin skulu geymd á skrifstofu félagsins. Nefndin hefur sitt heimasvæði á tölvu á skrifstofunni fyrir gögn sem heppilegt er að geyma á rafrænu formi, þ.á.m. fundargerðir.
9. Nefndin auglýsir viðburði í fjölmiðlum. Auglýsingar, tilkynningar, myndefni, fréttir og annað efni skal birta á heimasíðu og í fésbókarsíðu EBAK eins og ástæða þykir til.
10. Fulltrúar nefndar taka þátt í sameiginlegum fundum stjórnar og nefnda. Formaður nefndar á rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti þegar mál sem snerta nefndina er á dagskrá.
11. Formaður skilar skýrslu um starfsemina á rafrænu formi til ritara félagsins fyrir árlegan aðalfund þess. Skýrslan miðast við tímabilið á milli aðalfunda.
12. Þurfi nefnd á fjárstyrk að halda úr sjóði félagsins vegna tiltekinna verkefna, kaupa á tækjum eða búnaði þarf viðkomandi nefnd að senda stjórn félagsins skriflega umsókn þar að lútandi. Í umsókninni þarf að koma fram hvernig styrknum verði varið.
13. Stjórn félagsins getur á hverjum tíma endurskoðað og gert breytingar á starfslýsingu þessari telji hún þess þörf. Samráð skal haft um breytingar við nefndina.
14. Starfslýsingu þessa skal endurskoða eigi síðar en í árslok 2027.